

20. febrúar 2009

SI-49354

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 12. febrúar 2009 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 279. mál, tímabundin útgreiðsla séreignarsparnaðar.

Ljóst er að frumvarpið kann að hafa margvíslegar afleiðingar bæði neikvæðar og jákvæðar í för með sér, verði það að lögum. Neikvæðu áhrifin yrðu vitaskuld þau að sú fjárhæð sem er til greiðslu lífeyris myndi skerðast. Gæta þyrfti að því að útgreiðslur á tímabilinu 1. apríl 2009 til 31. desember 2010 leiði ekki til þess að sjóðirnir lendi í lausafjárþurrð.

Athuga þarf að ekki sé gengið of langt á sjóðina við útgreiðslur og að þær verði ekki til þess að hlutur þeirra sjóðfélaga sem ekki nýta sér þær skerðist. Til að sporna við þessu væri hægt að setja hámark á útgreiðslur.

Æskilegt væri að leggja nánara mat á hver áhrif frumvarpsins gætu orðið, en til þess skortir upplýsingar um stöðu lífeyrissjóðanna, s.s. upplýsingar um inneignir í séreignasparnaði og skammtímaskuldbindingar þeirra á því tímabili sem útgreiðslan mun taka til. Tryggja verður að lífeyrissjóðir hafi nægt lausafé til að mæta væntanlegum útgreiðslum vegna lagabreytingarinnar, ef samþykkt verður. Sérstaklega þyrfti að kanna stöðu minni lífeyrissjóða. Breytingin gæti einnig haft í för með sér að verðgildi bréfa á markaði gæti rýrnað vegna þess hversu hratt lífeyrissjóðirnir gætu þurft að selja langtímabréf á markaði.

Jákvæð áhrif frumvarpsins, fyrir utan að koma til móts við erfiðar aðstæður skuldara, myndu felast í auknum skatttekjum ríkissjóðs á tímabilinu sem um ræðir, en greiðslurnar kæmu þá til skattlagningar í sama hlutfalli og laun almennt.

Seðlabankinn gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri